

Hamingjuríkt fjölskyldulíf (1. hluti)

Byggt á 14. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* en hana má finna á jw.org/is.

MARKMIÐ: Veltu fyrir þér hverju þú trúir og hvers vegna, skoðaðu hvað Biblían kennir. Þá áttu auðveldara með að útskýra trú þína fyrir öðrum.



HVER ER LYKILLINN AÐ HAMINGJURÍKU HJÓNABANDI?

1 VELTU FYRIR ÞÉR HVERJU ÞÚ TRÚIR

Hvað heldurðu að fólk segi?

Hverju trúir þú?

Hvers vegna trúirðu því?

Leiðbeiningar Guðs eru lykillinn að hamingjuríku hjónabandi.

(Sjá 14. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblían?* gr. 1-4)

Lestu Lúkas 11:28.

Hvað sagði Jesús að við þyrftum að gera til að vera hamingjusöm?

Lestu 1. Mósebók 2:18, 21-24.

Hvernig vitum við að hamingjuríkt hjónaband er gjöf frá Guði?



Leiðbeiningar frá framleiðandanum sýna hvernig á að setja saman húsgögn. Á svipaðan hátt geta leiðbeiningar Biblíunnar sem eru frá höfundi fjölskyldunnar hjálpað okkur að gera fjölskyldulíf að hamingjuríkt.

Hamingjusöm hjón læra af fordæmi Jesú.

(Sjá 14. kafla bókarinnar *Hvað kennir Biblíán?* gr. 5-13.)

Lestu Efesusbréfið 5:23, 25, 28, 29.

Hvernig setti Jesús eiginmönnum gott fordæmi þótt hann hefði aldrei verið giftur?

Lestu 1. Korintubríf 11:3 og Efesusbréfið 5:33b.

Hvernig setti Jesús eiginkonum gott fordæmi með því að vera undirgefinn Guði?
(Sjá einnig 1. Pétursbréf 3:1-4.)

Hvers vegna eru bestu ráðin fyrir hjón frá Guði?

3

ÚTSKÝRÐU HVERJU ÞÚ TRÚIR

EF EINHVER SEGIR ...

Biblían er of gömul til að hafa einhverja þýðingu fyrir fjölskyldur nú til dags.

GÆTIRÐU SAGT ...

Margir eru þér örugglega sammála. En ég trúi því að hún hafi þýðingu af því að ...

Hvaða biblíuvers gætirðu sýnt?

Hvernig myndirðu útskýra versið með skoðun viðmælandans í huga?

EF EINHVER SEGIR ...

Það sem Biblían kennir varðandi undirgefni er lítillækkandi fyrir konur.

GÆTIRÐU SAGT ...

Sumir hafa túlkað það á þann hátt. En í raun og veru sýna leiðbeiningar Biblíunnar til eiginmanna og eiginkvenna að konur eiga skilið virðingu. Til dæmis ...

Hvaða biblíuvers gætirðu sýnt?

Hvernig myndirðu útskýra versið með skoðun viðmælandans í huga?
